

Föstudaginn 19. júní 1992.

Nr. 52/1991. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Garðar Garðarsson hrl.),

Brunabótafélagi Íslands,**Kaupfélagi Borgfirðinga,****Kreditkortum hf. og****Sindrastáli hf.**

Nauðungaruppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1991. Eru dómkröfur hans þær aðallega, að hið áfrýjaða uppboð, sem fram fór á fasteigninni Holtsgötu 9, Sandgerði, 16. janúar 1991, „verði dæmt ógilt og uppboðsmálið fellt úr gildi í heild sinni“. Til vara krefst hann þess, að uppboðið „verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. desember 1990“. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Af hálfu stefnda Íslandsbanka hf. er þess krafist, að öllum kröfum áfrýjanda verði hrundið og hin áfrýjaða uppboðsgerð staðfest. Jafnframt krefst hann málskostnaðar sér til handa úr hendi áfrýjanda, en verði önnur hvor krafa áfrýjanda tekin til greina, verði málskostnaður lagður á ríkissjóð.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið tekið til varna í málinu.

I.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringusýslu 3. júní 1988, og var þá lögð fram beiðni Garðars Garðarssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Útvegsbanka Íslands hf. um uppboð á þinglýstri eign áfrýjanda, Holtsgötu 9, Miðneshreppi. Ekki var þá mætt af hálfu áfrýjanda. Ákveðin var sala á eigninni 8. september 1988. Þann dag var mætt í uppboðsréttinum af hálfu áfrýjanda, og var

framgangi uppboðsins mótmælt. Var málinu síðan frestað tvívegis vegna greinargerða aðila og munnlegs málflutnings. Hinn 18. nóvember 1988 var kveðinn upp úrskurður um, að uppboð á ofangreindri eign skyldi fara fram 19. janúar 1989 að kröfu Útvegsbanka Íslands hf. Þessum úrskurði uppboðsréttarins skaut áfrýjandi til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1988. Var dæmt í málinu í Hæstarétti 11. desember 1990, og var það niðurstaða dómsins, að uppboð á eigninni skyldi fara fram.

Á meðan málið var rekið í Hæstarétti, var það tvívegis tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringusýslu. Hinn 19. október 1989 var lögð fram uppboðsbeiðni Lögfræðistofu Suðurnesja sf. vegna Miðnes-hrepps. Var vísað til fyrri auglýsinga í Lögbirtingablaðinu og auglýsingar í Víkurfréttum 12. október 1989. Mættir voru af hálfu uppboðsbeiðanda Ásbjörn Jónsson héraðsdómslögmaður, Ingi H. Sigurðsson héraðsdómslögmaður vegna Róberts Árna Hreiðarssonar og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður fyrir Útvegsbanka Íslands hf. Ekki var mætt af hálfu áfrýjanda. Bókað var meðal annars:

„Uppboðshaldari kynnti skjöl málsins, þ. á m. uppboðsskilmála. Engar athugasemdir komu fram við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram: Ásbjörn Jónsson hdl. býður 100.000 kr. Hæstbjóðandi krefst útlagningar sér til handa sem ófullnægður veðhafi. Að kröfu uppboðsaðila var ákveðið, að annað og síðara uppboð færi fram á eigninni fimmtudaginn 30. 11. kl. 10 að undan-genginni auglýsingu.“

Hinn 7. desember 1989 var í uppboðsréttinum tekið fyrir „að selja á öðru og síðara nauðungaruppboði fasteignina Holtsgötu 9, Sandgerði, þinglýsta eign Ólafs Sigtryggssonar“. Vísað var til auglýsingar í Víkurfréttum 30. nóvember 1989. Sömu voru mættir og á þinginu 19. október, og ekki var mætt af hálfu áfrýjanda. Bókað var meðal annars:

„Uppboðshaldari kynnti skjöl málsins, þ. á m. uppboðsskilmála. Engar athugasemdir komu fram við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Að kröfu Inga H. Sigurðssonar hdl. v/Róberts Á. Hreiðarssonar hdl. fer fram önnur sala á eigninni. Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. býður 500.000 kr. v/Útvegsbanka Íslands. Hæstbjóðandi krefst útlagningar sér til handa sem ófullnægður veðhafi. Að kröfu uppboðsaðila var ákveðið, að þriðja og síðasta uppboð færi fram á eigninni.“

Hinn 4. maí 1990 var í uppboðsrétti Gullbringusýslu tekið fyrir nauðungaruppboð á ofangreindri eign áfrýjanda að kröfu Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, og voru lögð fram skjöl, þingmerkt 1 - 4. Af hálfu uppboðsbeiðanda mætti Ásbjörn Jónsson héraðsdómslögmaður, en enginn af hálfu áfrýjanda. Ákveðin var sala á eigninni sjálfri 7. júní 1990.

Hinn 20. desember 1990 var tekið fyrir í uppboðsréttinum að „selja á nauðungaruppboði fasteignina Holtsgötu 9, Sandgerði, þinglýsta eign Ólafs Sigtryggssonar“. Bókað var:

„Skjöl málsins nr. 1 - 4 liggja frammi, en lagt er fram nr. 5, uppboðsbeiðni Gjaldskila sf., nr. 6, fjárnám, nr. 7, uppboðsbeiðni Bjarna Ásgeirssonar hdl., nr. 8, fjárnám, nr. 9 og 10, uppboðsbeiðni Sigríðar Thorlacius hdl., nr. 11, uppboðsbeiðni Sigurðar J. Halldórssonar hdl., nr. 12, fjárnám. Máli þessu hefur verið frestað án auglýsingar 7. 6. 1990, 28. 6. 1990, 18. 10. 1990 og 6. 12. 1990. Uppboðið var auglýst í 35., 43. og 47. tbl. Lbbl. 1990 og blaðinu Víkurfréttum 13. 12. sl. Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Ingi H. Sigurðsson hdl. og Sigurður Skúli Bergsson. Uppboðsmál þetta er sameinað þriðju og síðustu nauðungarsölu á sömu eign, sem á að fara fram skv. dómi Hæstaréttar 11. desember sl., og verður uppboðsdagur ákveðinn síðar og tilkynntur uppboðsaðilum. Af hálfu uppboðspola er mættur enginn.“

Á uppboðsþingi, sem haldið var að Holtsgötu 9, Sandgerði, 16. janúar 1991, var tekið fyrir að „selja á þriðja og síðasta nauðungaruppboði fasteignina Holtsgötu 9, Sandgerði, þinglýsta eign Ólafs H. Sigtryggssonar“. Voru þar lögð fram nokkur ný skjöl, þar á meðal dómur Hæstaréttar 11. desember 1990. Vísað var til auglýsingar á uppboðinu í 45., 56. og 61. tbl. Lögbirtingablaðsins 1988, í Víkurfréttum 10. janúar 1991 og DV 12. sama mánaðar. Bókað var síðan:

„Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Garðar Garðarsson hrl. v/2., 3. og 5. veðréttar. Skjöl uppboðsmáls vegna sömu eignar, sem sameinað var þessu uppboði 20. desember sl., nr. 1-12, liggja frammi

í réttinum. Af hálfu uppboðspóla er mættur enginn. Uppboðshaldari kynnti skjöl málsins, þ. á m. uppboðsskilmála. Engar athugasemdir komu fram við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram: Kristján Stefánson býður 1.500.000 kr. v/Skipabrautarinnar hf., kt. 691289-3979, Fitjabraut 3, Njarðvík, Garðar Garðarsson hrl. býður 7.000.000 kr. fyrir Íslandsbanka hf. Hæstbjóðandi krefst útlagningar sér til handa sem ófullnægður veðhafi. Uppboðshaldari tekur sér allt að 14 daga frest til athugunar á fram komnum boðum í eignina, og verður hæstbjóðanda tilkynnt um samþykkt eða höfnun á boði sínu í símskeyti.“

II.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína þeim rökum með vísan til II. kafla laga nr. 57/1949, einkum 2. mgr. 14. gr., að óheimilt hafi verið að taka uppboðsbeiðnir annarra stefndu en Útvegsbanka Íslands hf. til efnismeðferðar, fyrr en mál áfrýjanda og bankans væri til lykta leitt. Þannig sé önnur meðferð uppboðsréttar á Holtsstötu 9 allt fram til 20. desember 1990 ómerk og eigi að leiða til þess, að ógilda beri meðferð uppboðsréttar á málinu í heild sinni og fella uppboðið úr gildi.

Af hálfu stefnda Íslandsbanka hf. er því haldið fram, að heimilt hafi verið að taka fyrir kröfu Miðneshrepps í uppboðsréttinum þrátt fyrir orðalag 2. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949. Hafi réttarvenja skapast um, að heimilt sé að taka fyrir mál annarra uppboðsbeiðenda þrátt fyrir ágreining milli tiltekins uppboðsbeiðanda og uppboðspóla, sem um sé fjallað í sérstöku máli. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að áfrýjanda hafi borið að mótmæla við uppboðshaldara, ef hann féllist ekki á málsmeðferð hans. Það hafi hann ekki gert, og séu mótmæli hans nú of seint fram komin.

III.

Þegar úrskurði uppboðsréttar 18. nóvember 1988 hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar, bar uppboðshaldara að fresta uppboðsmálinu, uns málskotið væri til lykta leitt, sbr. 7. gr. laga nr. 57/1949. Andstætt fyrirmælum í þessu lagaákvæði hélt uppboðshaldari áfram rekstri málsins, og fóru fram sölutilraunir 19. október og 7.

desember 1989. Jafnframt þingfesti uppboðshaldari 4. maí 1990 nýtt uppboðsmál vegna sömu eignar samkvæmt uppboðsbeiðni 18. janúar 1990 og á grundvelli nýrrar auglýsingar í Lögbirtingablaði. Þessi aðgerð uppboðshaldara var andstæð ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949.

Af ofangreindum sökum verður að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð og meðferð málsins frá og með 19. október 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð, sem fram fór 16. janúar 1991 á fasteign áfrýjanda, Holtsgötu 9, Sandgerði, skal vera ómerk svo og meðferð málsins frá og með 19. október 1989, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
